

Umhverfisstofnun
SF
29. DES. 2003
54.23
UST20030500088



UST

Umhverfisstofnun

Deildin um loftslags- og loftslagsáhrif

Stofnun um loftslags- og loftslagsáhrif

Stofnun um loftslags- og loftslagsáhrif

Stofnun um loftslags- og loftslagsáhrif

Mosfellsbær
Tryggvi Jónsson
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

29. desember 2003

Tilvísun: UST20030500088/sf


Deiliskipulag á Blikastaðanesi

Vísað er til erindis Mosfellsbæjar dags. 19. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Blikastaðanes í Mosfellsbæ. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir 9 holu golfvelli, golfskála og vélageymslu/skotæfingaraðstöðu. Jafnframt er gert ráð fyrir göngu- og reiðstígum.

Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi fyrir Blikastaðanes með bréfi dags. 11. júní sl. og snéru athugasemdir stofnunarinnar m.a. að staðsetningu golfbrauta og göngustíga/reiðstíga. Einnig var bent á mikilvægi þess að ásýnd strandlengjunnar yrði ekki breytt með gróðursetningu þannig að hægt yrði að njóta útivistar á náttúrulegu strandsvæði og að ekki yrðu gróðursettar erlendar tegundir á svæðinu. Nú liggur fyrir ný tillaga að deiliskipulagi, dags. 20. ágúst 2003 og hefur staðsetning golfbrauta, sem og reið- og göngustíga verið endurskoðuð. Ekki er gert ráð fyrir gróðursetningu samkvæmt skipulagsskilmálum en þar segir m.a. að „allt svæði utan golfbrauta og æfingarsvæðis telst sameiginleg útivistarsvæði og skal það vera óhreyft nema að heimilt er að koma þar fyrir göngu- og reiðstígum”.

Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda sem stofnunin gerði við fyrri tillögu að deiliskipulagi svæðisins. Stofnunin vill þó benda á að við lagningu göngu- og reiðstíga meðfram Úlfarsá er mikilvægt að raska ekki bökkum árinna og leggja stígana þannig að þeir fylgi línunum í landinu og falli vel að umhverfinu. Við lagningu stíganna meðfram ánni verður jafnframt að gæta þess að taka tillit til hagsmuna veiðiréttarhafa. Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við fyrirleggjandi tillögu að deiliskipulagi.

Virðingarfyllt,


Sigrún Friðriksdóttir

Afrit: Skipulagsstofnun.


Helgi Jónsson